

# Skólaráðsfundur

19. október 2021 kl. 15:10

Mættir voru : Hilmar Már Arason, Elfa Eydal Ármannsdóttir, Kolbrún Pálsdóttir, Marek Imgront, Svandís Jóna Sigurðardóttir, Hrund Hermannsdóttir, Alma Björk Clausen, Silja Sigurðardóttir, Stefanía Klara Jóhannsdóttir, Júlía Dröfn Júlíusdóttir, Eyþór Júlíus Hlynsson

## Dagskrá fundarins:

1. Kynning á fulltrúum og hlutverki
2. Ykkar væntingar og skoðanir
3. Staðan í GSnb
4. Innra starf
5. Viðhaldsmál
6. Önnur mál

### 1. Kynning á fulltrúum og hlutverki

- Hilmar Már Arason skólastjóri,
- Elfa E. Ármannsdóttir aðstoðarskólastjóri,
- Sigurbjörg Jónsdóttir kennari
- Hrund Hermannsdóttir kennari,
- Alma Björk Clausen skólaliði
- Marek Imgront foreldri,
- Kolbrún Pálsdóttir foreldri,
- Silja Sigurðardóttir foreldri.
- Stefanía Klara Jóhannsdóttir
- Júlía Dröfn Júlíusdóttir
- Eyþór Júlíus Hlynsson

Farið lauslega yfir bæklinginn *Handbók um skólaráð* sem allir fengu afhentan.



<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/skolarad>

**Handbók um skólaráð**  
*-fyrir skólaráð*

## 2. Staðan í GSnb

Í upphafi þessa skólaárs eru 216 nemendur skráðir í skólann í 16 bekkjardeildum og á þrem starfstöðvum. Af þessum 216 nemendum eru 120 nemendur skráðir á starfstöðina okkar í Ólafsvík, 73 á Hellissandi og 23 nemendur í Lýsudeild skólans þar af eru sex börn í leikskólaselinu. Við erum vel mönnuð með gott starfsfólk en starfsmenn skólans eru 66 í mun færri stöðugildum.

## 3. Innra starf

### *Innra starf - Áhersla*

Við í Grunnskóla Snæfellsbæjar viljum skapa samfélag þar sem fólk vinnur saman, deilir sameiginlegri sýn og styður hvert annað í þeirri viðleitni að stuðla að betri námsárangri og líðan nemenda. Ýmsir fræðimenn sem fjalla um þróunarstörf í skólum benda á að samstarf kennara og stöðugt nám þeirra sé eitt meginatriðið varðandi hvernig til tekst við að koma á nýbreytni í skólum. Flestar þær samanburðarrannsóknir sem gerðar hafa verið á árangri kennsluaðferða benda til þess að engin ein aðferð sé árangursríkari en önnur; heldur gildi að nota þær kennsluaðferðir sem henta efninu og markmiðum hverju sinni og að nota sem fjölbreyttastar aðferðir til að koma til móts við alla nemendur.

Með þetta að leiðarljósi þá stóð skólinn fyrir námsstefnu með öðrum grunnskólum á Snæfellsnesi undir heitinu Nám við hæfi, sjá nánar <https://skolastofan.is/nam-vid-haefi/> Námsstefnan hafði það að markmiði að efla starfsfólk og stjórnendur í að huga betur að því hvernig við getum komið betur til móts við hvern og einn nemanda. Jafnframt erum við að kynna okkur og innleiða leiðsagnarnám.

Við erum að kynna okkur og innleiða leiðsagnarnám. Í þeirri kennsluaðferð er lögð áhersla á að niðurstöður námsmats séu notaðar til að styðja við framfarir nemenda í náminu.

Niðurstöður námsmatsins verða þannig framvísaðar, eins konar vegvísar sem beina námi nemenda fram á við. Þetta hefur leitt til þess að athyglin hefur í ríkara mæli færst frá námsmatinu sjálfu yfir á áhrif þess á næstu skref í náminu. Jafnframt munum við halda áfram að kenna eftir hugmyndafræði Læsisfimmunnar sem er kennsluskipulag yfir kennsluhætti í læsi sem byggist á lýðræðislegu umhverfi, sjálfstæði og sjálfsaga nemenda í námi. Lögð er áhersla á að kenna nemendum alla þætti í lestrarferlinu. Samhliða innleiðingu á þessum aðferðum þá er skólinn í samstarfi við Miðlun máls og læsis (MML) til að efla kennslu ÍSAT nemenda, Brúarskóla og Klettaskóla til að huga að kennslu nemenda með þroska- og hegðunarfrávik.

*Innra starf – Formlegt.* Hægt að nálgast á heimasíðu skólans:

- **Starfsáætlun** - [https://b0eddec8-188d-43e5-ad7d-543122658791.filesusr.com/ugd/78b0ab\\_67a8adbd68884344bb450b9ae751a3c9.pdf](https://b0eddec8-188d-43e5-ad7d-543122658791.filesusr.com/ugd/78b0ab_67a8adbd68884344bb450b9ae751a3c9.pdf)
- **Skólanámskrá** - [https://b0eddec8-188d-43e5-ad7d-543122658791.filesusr.com/ugd/78b0ab\\_838f44264edf47fb9c054402018770d0.pdf](https://b0eddec8-188d-43e5-ad7d-543122658791.filesusr.com/ugd/78b0ab_838f44264edf47fb9c054402018770d0.pdf)
- **Innra mat** - <https://www.gsnb.is/sjalfsmat>
- **Skólareglur** - <https://sites.google.com/gsnbskoli.is/skolareglurgsnb/home>
- **Jákvæður skólabragur** - <https://sites.google.com/gsnbskoli.is/skolabragur/home>
  
- Í hverjum grunnskóla starfi teymi sem hafi það hlutverk að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda. Teymið verði kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjái einnig um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks.
- Í GSnb er lausnaleyrtateymið/nemendaverndarráð með þetta hlutverk.
- Samstarf við:
  - Brúarskóla



- Klettaskóla
- Miðju máls og læsis. 1. nóv koma þau með fræðslu fyrir skólann og foreldra.
- Þjóðgarðinn - að funda með nemendum skólans um Þjóðgarðinn í tenglum við vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun hans til að fá fram hugmyndir og álit unga fólksins.

#### 4. Viðhaldsmál

- Erum að vinna viðhalds- og framkvæmdaráætlun.
- Nýr húsvörður og bæjartæknifræðingur.

#### 5. Önnur mál

Engin

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 15:53

Elfa E. Ármannsdóttir,  
fundarritari